

16. fundur ferðamálaráðs - vinnufundur v. erindis ráðherra

15. ágúst 2017 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður, Þórir Garðarsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Jón Ásbergsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Hjálmar Sveinsson (mætti kl. 11:40) og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Jón Óskar Pétursson, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Brynhildur Pálmarsdóttir, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ráðherra.

Forföll boðuð: Eva Björk Harðardóttir varaformaður og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Yfirferð yfir innkomnar ábendingar umsagnaraðila

Jón Óskar Pétursson kynnti samanteknar ábendingar umsagnaraðila sem borist höfðu vegna erindis ráðherra ferðamála til ferðamálaráðs um aðgerðir í þágu ferðaþjónustunnar. Farið var yfir ábendingarnar og þær ræddar.

Ákveðið að halda næsta vinnufund 22. ágúst. Gögn verði rýnd betur af fundarmönnum í millitíðinni og tillögur ráðsins mótaðar frekar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 13:00.